

Kaskótrygging ökutækja

Skilmáli B-2

Í skilmála þessum merkir hugtakið "félagið" Vörð tryggingar hf.

1. gr. Lög um váttryggingarsamninga

Um váttrygginguna gilda lög nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga, ef eigi leiðir annað af skilmálum þessum eða öðrum ákvæðum váttryggingarsamnings.

2. gr. Hverjir eru váttryggðir?

Váttryggður er eigandi þeirrar bifreiðar sem tiltekin er á váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

3. gr. Hvar gildir váttryggingin?

Váttryggingin gildir á Íslandi. Ennfremur gildir váttryggingin í aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins og í Sviss í allt að 90 daga frá brottfarardegi ökutækisins frá Íslandi. Váttryggingin gildir jafnframt fyrir ökutækið í flutningi milli landa með fyrsta flokks flutningaskipi, enda sé um árstryggingu að ræða. Tjón greiðast aðeins í íslenskum krónum. Eigin áhætta bótaskyldra tjóna erlendis er 50% hærrí en tiltekið er á váttryggingarskírteini.

4. gr. Tjónsorsakir sem váttryggingin nær til

4.1 Félagið bætir skemmdir á ökutækinu sjálfu, eða eðlilegum aukahlutum, svo sem grjótgrindum, sísalistum og venjulegum útvörðum, af eldingu, eldsvoða (ef eldur verður laus) og sprengingu sem stafar af honum, af árekstri, áakstri, veltu, útafakstri eða hrapí ökutækisins, grjóthruni, snjóflóði úr fjallshlíð, skriðufalli, ef eitthvað fellur á ökutækið eða það skemmist af völdum þriðja aðila. Ennfremur bætir félagið skemmdir af völdum vatns sem kemur úr vatnsleiðslum, hitakerfi eða frárennislögnum húsnæðis þar sem hið váttryggða er til geymslu.

4.2 Félagið bætir skemmdir sem verða á ökutækinu sé því stolið eða tilraun gerð til að stela því. Ennfremur bætir félagið skemmdir af völdum skemmdarverka. Félagið krefst lögregluskýrslu sem sönnun fyrir tjóni samkvæmt þessari grein. Bætur vegna tjóns samkvæmt þessari grein greiðast því aðeins að tjónsatburðurinn gerist á Íslandi.

4.3 Félagið bætir tjón á hinu váttryggða ökutæki af völdum óveðurs ef það fýkur eða ef vélarhlíf, skottlok eða hurðir fjúka upp. Hið sama gildir um tjón af völdum áfoks eða áhruns. Með óveðri er hér átt við að vindhraði, þegar tjón varð, hafi náð 28,5 metrum á sekúndu á tjónsstað, samkvæmt vottorði frá Veðurstofu Íslands. Séu ekki fánlegar upplýsingar um vindhraða á tjónsstað þegar tjónið varð skal hafa til hliðsjónar hvort almennt eignatjón hafi orðið á svæðinu af völdum óveðurs.

4.4 Félagið bætir skemmdir er verða á ökutækinu við flutning á því með öðru flutningstæki á landi. Ennfremur þegar það er flutt á skipi milli hafna á Íslandi ef flutningurinn er liður í ferðalagi. Skemmdir í sjóflutningi bætast þó ekki nema um árstryggingu sé að ræða.

4.5 Félagið bætir brot á rúðum ökutækisins. Það telst ekki brot þótt flísist úr rúðu eða hún rispist eða skrámist. Eigi greiðast bætur fyrir rúður sem brotna við úrtöku eða ísetningu. Bætur vegna rúðutjóna geta orðið að hámarki 35% af raunvirði ökutækis.

4.6 Félagið bætir skemmdir er verða við það að pallur vörubifreiðar fer af eða á hliðina, þá er honum er lyft, hvort sem ökutækið sjálft veltur eða ekki. Váttryggður ber þó 25% hærrí eigin áhættu en skráð er á váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

5. gr. Björgunarkostnaður-flutningskostnaður

Félagið greiðir kostnað við flutning ökutækis til næsta viðurkennda viðgerðarverkstæðis verði ökutækið óökufært af völdum áreksturs, áaksturs, veltu eða útafaksturs sem verður við akstur eftir þjóðvegum landsins. Bætur vegna þessarar greinar takmarkast við fjárhæð er fram kemur á váttryggingarskírteini.

6. gr. Almennar undanþágur frá bótaskyldu

Félagið greiðir ekki bætur þegar:

- 6.1 tjóni hefur verið valdið af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi váttryggðs eða ökumanns;
- 6.2 um er að ræða tjón við kappakstur, aksturskeppni, reynsluakstur eða æfingar fyrir slíkan akstur, nema um annað sé samið og þess getið á váttryggingarskírteini;
- 6.3 váttrygging hefur fallið úr gildi vegna vanskila á iðgjaldi eða vegna uppsagnar;
- 6.4 skemmdir verða af efnisgalla, hönnunargalla, smíðisgalla, viðgerðargalla eða bilunar ökutækisins. Þó bætast skemmdir sem hljóttast af þessum orsökum á öðrum hlutum ökutækisins ef um áakstur, árekstur, veltu eða útafakstur er að ræða;
- 6.5 skemmdir verða af sliti eða ófullnægjandi viðhaldi, þ.m.t. eðlilegt slit á lakki ökutækis vegna steinkasts af vegi;
- 6.6 tjónið verður rakið til stríðs, óeirða, uppþots, verkfallsaðgerða eða annarra sambærilegra atburða. Sama gildir um hvers kyns skemmdir af völdum kjarnorku, jónandi geislunar og geislavirkra efna svo og skemmdir sökum annarra náttúruhamfara en getið er í gr. 4.1 svo sem eldgoss, jarðskjálfta eða sjávarflóða;
- 6.7 tjónið verður rakið til hvers kyns dýra annarra en hesta, sauðfjár, hreindýra eða nautgripa;
- 6.8 skemmdir orsakast af vatnsflóði inn í ökutækið, eða hluta þess;
- 6.9 tjón stafar af sandfoki eða þess að mól, aska, vikur eða önnur laus jarðefni fjúka á ökutækið;
- 6.10 tjón stafar af sjóbleytu;
- 6.11 minniháttar ákoma verður á felgum bifreiðar. Með minniháttar ákomu er átt við stakar rispur eða núningsmerki, t.d. við kantsteina eða aðra hluti og ekki verður formbreyting á felgunni sem rýrir notagildi hennar

7. gr. Einstakir hlutar ökutækisins

Félagið bætir ekki:

- 7.1 skemmdir er varða hjól, hjólbarða, fjaðrir, rafgeymi, gler, annað en rúður sbr. gr. 4.5 svo og tjón vegna stuldar einstakra hluta ökutækisins og skemmdir sem af því stafa;
- 7.2 skemmdir á rafbúnaði ökutækis er hljótast af skammhlaupi;
- 7.3 skemmdir á strokkum, kæli eða öðrum hlutum ökutækisins er stafa af því að kælivatnið frýs eða af öðrum áhrifum veðráttu;
- 7.4 skemmdir af akstri á ósléttri akbraut, hér með talin bilun á ásum, fjöðrum, gírkassa, drifi, rafgeymi og öðrum hlutum í eða á undirvagni ökutækisins, skemmdir vegna þess að hreyfillinn bráðnar saman, skemmdir á undirvagni er hljótast af því að ökutækið tekur niðri á ójöfnum svo sem hryggjum eftir veghefla eða jarðföstu grjóti. Sama gildir um skemmdir er verða þegar laust grjót hrekkur upp undir ökutækið í akstri;
- 7.5 skemmdir á hvers kyns aukaútbúnaði ökutækisins, t.d. farsímum, GPS staðsetningatækjum, talstöðvum, vörulyftum og krönum vörubifreiða, máluðum auglýsingum, skíðabogum og lausum farangursgrindum, pallhýsum og palllokum, nema um annað sé samið og þess getið á váttryggingarskírteini. Váttryggingin tekur þó til hljómflutningstækja ökutækisins. Hámarksbætur vegna tjóns á hljómflutningstækjum er tiltekin á váttryggingarskírteini.

8. gr. Framsal réttar – Endurkröfuréttur

Váttryggður má ekki án samþykkis félagsins framselja eða veðsetja réttindi sín samkvæmt váttryggingarsamningnum. Bæti félagið tjón, sem þriðji maður ber skaðabótaábyrgð á öðlast það rétt váttryggðs gagnvart honum að því marki sem bótunum nemur.

9. gr. Váttryggingarfjárhæð

Váttryggingarfjárhæð er almennt ekki tilgreind í váttryggingarskírteini fyrir kaskótryggingu bifreiða.

Fjárhæð bóta vegna skemmda sem verða á einu váttryggingartímabili skal ekki fara fram úr verðmæti ökutækisins í upphafi váttryggingartímabilsins. Sama gildir um váttryggingarfjárhæð, ef um hana er að ræða. Váttryggingartaki á þó rétt á að halda óbreyttri váttryggingavernd eftir tjón gegn því að greiða viðbótariðgjald.

10. gr. Eigin áhætta

- 10.1 Af hverju tjóni ber váttryggingartaki eigin áhættu eins og getið er á gildandi váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.
- 10.2 Verði hið váttryggða ökutæki fyrir bótaskyldu tjóni við akstur utan þjóðvegakerfis ber váttryggingartaki þrefalda þá eigin áhættu sem tiltekin er í skírteini eða endurnýjunarkvittun.

11. gr. Algert tjón

Félagið greiðir bætur fyrir algert tjón, ef:

- 11.1 ökutækið verður fyrir svo miklum skemmdum að félagið áltur ekki borga sig að gera við það;
- 11.2 ökutækinu er stolið og það hefur ekki fundist innan 4 vikna frá því að félaginu og lögreglu var tilkynnt um atburðinn.

12. gr. Bætur fyrir algert tjón

- 12.1 Verði algert tjón greiðir félagið raunvirði (váttryggingarverðmæti) ökutækisins. Raunvirði telst vera sú fjárhæð er þurft hefði til kaupa á ökutækinu á því verðlagi er síðast var á sambærilegu ökutæki (gegn staðgreiðslu).
- 12.2 Félagið áskilur sér rétt til þess að fullnægja bótaskyldu sinni samkvæmt þessari grein með því að afhenda hinum váttryggða annað sambærilegt ökutæki miðað við tegund, aldur, akstur og útbúnað þannig að hinn váttryggði verði fjárhagslega í sömu stöðu fyrir tjón og eftir.

13. gr. Viðgerðarkostnaður

Skemmist ökutækið án þess að skilyrði 12. gr. séu fyrir hendi greiðir félagið kostnað við að gera ökutækið, að svo miklu leyti sem unnt er, eins og það var fyrir tjónið. Félagið hefur rétt til að greiða annað hvort viðgerðarkostnað eða bætur fyrir áætlaðan viðgerðarkostnað. Náist ekki samkomulag um áætlaðan viðgerðarkostnað skulu dómkvaddir menn meta hann. Lækkun á markaðsverði ökutækisins, óbeint tjón, svo sem afnotamissir, aukaútgjöld vegna vinnu utan venjulegs vinnutíma eða aukakostnaður vegna sérpantana á varahlutum bætist ekki. Leita skal fyrirfram samþykkis félagsins á viðgerðaraðila. Félaginu er ekki skylt að greiða bætur fyrir viðgerð sem hafin er án samþykkis þess.

14. gr. Endurnýjun einstakra hluta

Verði ágreiningur um hvort eða að hve miklu leyti félagið skuli taka þátt í endurnýjun einstakra hluta ökutækisins má skjóta honum til úrskurðar dómkvaddra manna. Þeim aðila sem matið gengur í vil ber eigi að greiða matskostnað.

15. gr. Skyldur váttryggðs við tjónsatburð

- 15.1 Þegar það atvik, sem váttryggt er gegn, hefur gerst, eða hættu er á því að það gerist, ber váttryggðum skylda til þess að reyna afstýra eða lágmarka tjónið. Hafi váttryggður af þessum sökum orðið fyrir útgjöldum mun félagið endurgreiða þau að því leyti sem þau teljast réttlætlanleg. Vanræksla í þessu efni getur valdið lækkun eða missi bóta skv. 28. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga.
- 15.2 Váttryggður glatar rétti til bóta ef hann tilkynnir ekki félaginu um kröfu sína innan árs frá því að hann vissi um atvik sem bótakrafan er reist á. Ef félagið hafnar kröfu váttryggðs í heild eða hluta glatar hann rétti til bóta ef hann hefur ekki höfðað mál eða krafist meðferðar málsins fyrir Úrskurðarnefnd í váttryggingamálum innan árs frá því að hann fékk skriflega tilkynningu félagsins um að kröfu hans væri hafnað.
- 15.3 Váttryggður skal veita félaginu þær upplýsingar og þau gögn sem hann hefur undir höndum eða getur útvegað og félagið þarf til þess að meta ábyrgð sína og greiða bætur. Ef váttryggður veitir af ásetningi rangar eða ófullnægjandi upplýsingar sem hann veit eða má vita að að leiða til þess að hann fær bætur, sem hann á ekki rétt á, fellur niður allur réttur hans samkvæmt váttryggingarsamningnum.

16. gr. Upplýsingaskylda váttryggingartaka

- 16.1 Við gerð eða endurnýjun váttryggingarsamnings ber váttryggingartaka, eða eftir atvikum váttryggðum, að veita félaginu þær upplýsingar um váttryggingaráhættuna sem félagið óskar. Sömuleiðis ber váttryggingartaka, og eftir

atvikum váttryggðum, að greina félaginu frá sérstökum atvikum sem hann veit eða má vita að hafa þýðingu fyrir mat félagsins á áhættunni.

16.2 Skýri váttryggingartaki sviksamlega frá eða leyni atvikum, er skipta máli um áhættu félagsins, eða gefur að öðru leyti rangar upplýsingar til félagsins, getur það haft í för með sér að bótaábyrgð félagsins takmarkast eða fellur niður skv. 20. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

16.3 Félaginu er heimilt að skoða hið váttryggða þegar félagið óskar.

17. gr. Varúðarreglur- áhættuaukning

17.1 Váttryggðum og þeim sem samsamast honum ber að fara eftir þeim varúðarreglum sem félagið setur í þessum skilmála eða á váttryggingarskírteini. Misbrestur á því getur leitt til skerðingar eða brottfalls bótaábyrgðar skv. 26. gr. laga nr. 30/2004.

17.2 Iðgjald þessarar váttryggingar fer eftir notkun váttryggðs hlutar eða starfsemi sem hann er notaður í og gefnar eru upplýsingar um við váttryggingartöku. Sé tiltekin ákveðin notkun/starfsemi á hinu váttryggða á váttryggingarskírteini og notkun/starfsemi breytist ber váttryggðum og/eða þeim sem réttar njóta samkvæmt váttryggingu þessari að tilkynna félaginu það jafnskjótt og þeim er kunnugt um breytinguna. Misbrestur á því getur valdið takmörkun á ábyrgð félagsins skv. 25. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga.

17.3 Varúðarregla: Ökutækini skal tryggilega læst þegar farið er frá því og rúðum eða sóllúgu lokað. Lyklar að ökutækini skulu geymdir á ábyggilegum stað þar sem óviðkomandi eiga ekki greiðan aðgang.

17.4 Varúðarregla: Váttryggður skal vera í líkamlegu ástandi til þess að gera stjórn að ökutækini örugglega og ekki undir áhrifum áfengis, örvandi eða deyfandi lyfja.

17.5 Varúðarregla: Váttryggður skal hafa hæfni til þess að stjórna ökutækini örugglega og hafa til þess tilskilin réttindi.

17.6 Varúðarregla: Váttryggður og sá sem hefur ökutækið undir höndum skal sjá til þess það sé í lögmæltu ástandi, að ökutækið sé fært til lögbundinnar skoðunar og viðhald ökutækisins sé í samræmi við leiðbeiningar og þjónustuhandbók framleiðanda.

17.7 Varúðarregla: Váttryggður skal sjá um að öryggisbúnaður ökutækisins sé í lagi og viðeigandi miðað við aðstæður. Undir öryggisbúnað falla m.a. hjólbarðar, bremsur, stýrisbúnaður ásamt öðru. Váttryggður skal einnig gæta þess að ökutækið sé ávallt útbúið miðað við akstursaðstæður.

18. gr. Gildistaka – greiðsla iðgjalds - uppsagnarréttur

18.1 Váttrygging þessi tekur gildi þegar að félagið eða umboðsmaður þess hefur samþykkt váttryggingarbeiðni. Iðgjald ber að greiða þegar váttryggingin tekur gildi og síðari iðgjöld á tilgreindum gjaldþögum. Félagið sendir váttryggingartaka tilkynningu um greiðslu iðgjaldsins. Í tilkynningunni skal greiðslufrestur tilgreindur sérstaklega sem skal vera einn mánuður hið skemmsta frá þeim degi sem tilkynningin er send. Sé iðgjald ekki greitt innan greiðslufrests reiknast dráttarvextir á iðgjaldið.

18.2 Sé iðgjald ekki greitt þegar greiðslufresti lýkur skv. 1. mgr. er félaginu heimilt að senda sérstaka aðvörun, þar sem greiðslu er krafist innan 14 daga, ella fellur váttryggingin og ábyrgð félagsins niður, sé iðgjald þá enn ógreitt. Váttryggingartaki skal engu að síður greiða iðgjald fyrir það tímabil sem váttrygging var í gildi.

18.3 Hafi váttryggingartaki ekki samið sérstaklega við félagið um greiðslu iðgjaldsins áður en frestur skv. 2. mgr. rennur út telst það ógreitt, ef það er ekki að fullu greitt þegar fresturinn er úti.

18.4 Krafa um greiðslu iðgjalds er send á heimilisfang váttryggingartaka sem tilgreint er í þjóðskrá nema hann hafi tilgreint annað heimilisfang sérstaklega. Breytingar á heimilisfangi skal þegar í stað tilkynna félaginu.

18.5 Váttryggingin gildir fyrir það tímabil sem tiltekið er í váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun. Að því loknu endurnýjast váttryggingin sjálfkrafa í eitt ár í senn, sé váttryggingunni ekki sagt upp af hálfu váttryggingartaka innan mánaðar frá því félagið sendi endurnýjunarkvittun. Váttryggingartaka er jafnframt heimilt að segja upp váttryggingu, sem endurnýjast sjálfkrafa, vegna flutnings váttryggingarinnar til annars félags, sbr. 14. gr. og 75 gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004. Skal þá tilkynna félaginu um uppsögn með mánaðar fyrirvara og miðast uppsögn við næstu mánaðamót þar á eftir. Upplýsa skal til hvaða váttryggingafélags er flutt og frá hvaða tíma. Þegar váttryggingin er tekin vegna atvinnurekstrar, þar sem umfang rekstraraðila samsvarar fleiri en fimm ársverkum eða starfsemi fer að mestu leyti fram erlendis, getur váttryggingartaki aðeins sagt váttryggingunni upp við endurnýjun hennar og skal uppsögn í síðasta lagi hafa borist félaginu einum mánuði fyrir lok váttryggingartímabilsins. Félagið áskilur sér rétt til iðgjaldabreytinga og/eða skilmálabreytinga við endurnýjun váttryggingarinnar.

18.6 Séu sérstakar ástæður fyrir hendi skv. 18. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga er félaginu heimilt að segja upp váttryggingarsamning með 60 daga fyrirvara fyrir endurnýjun. Félagið sendir þá frá sér tilkynningu þess efnis skv.

ákvæðum sömu laga.

19. gr. Uppsagnarréttur félagsins

Félagið getur sagt upp váttryggingasamningi vegna eftirfarandi aðstæðna, nema annað sé lögboðið:

19.1 Með 14 daga fyrirvara ef veittar eru rangar eða ófullnægjandi upplýsingar um váttryggða áhættu, sbr. 21. gr. laga um váttryggingasamninga nr. 30/2004. Hafi váttryggingartaki sviksamlega vanrækt upplýsingaskyldu sína getur félagið sagt upp váttryggingunni sem og öðrum váttryggingasamningum sem váttryggingartaki hefur hjá félaginu án fyrirvara.

19.2 Með viku fyrirvara ef váttryggður veitir af ásetningu rangar eða ófullnægjandi upplýsingar sem hann veit eða má vita að leiða til þess að hann fær greiddar bættur sem hann á ekki rétt til sbr. 47. gr. laga um váttryggingasamninga nr. 30/2004. Félaginu er ennfremur heimilt að segja upp öllum öðrum váttryggingasamningum sem váttryggður hefur hjá félaginu, með sama fyrirvara, þegar svo stendur á.

- 19.3 Með tveggja mánaða fyrirvara ef notkun váttryggðs hlutar, starfsemi váttryggðs, eða aðstæður að öðru leyti breytast á váttryggingartímabili á þann hátt að félagið hefði ekki samþykkt váttrygginguna ef slíkar upplýsingar hefðu legið fyrir við upphaf váttryggingatímabilsins.
- 19.4 Með tveggja mánaða fyrirvara, í kjölfar tjónsatviks og er félaginu jafnframt heimilt að segja upp öðrum váttryggingarsamningum sem váttryggingartaki hefur hjá félaginu með sama fyrirvara:
- 19.4.1 þegar tjónþungi váttryggingar er meiri en eðlilegt getur talist, t.d. 3 tjón eða fleiri á 12 mánuðum.
- 19.4.2 ef váttryggður hefur valdið tjóni af ásetningi;
- 19.4.3 ef váttryggður brýtur gegn varúðareglum;
- 19.4.4 ef alvarlegur trúnaðarrestur hafi orðið milli váttryggðs og félagsins.

20. gr. Innistaða skráningarnúmers

Hafi ökutækið eigi verið í notkun af öðrum ástæðum en vegna tjóns, sem váttrygging þessi tekur til, og skráningarnúmer þess verið í vörslu Umferðarstofu, lögregluvirkvalda eða umboðsmanna þeirra, a.m.k. 30 daga samfleytt, endurgreiðir félagið iðgjaldið hlutfallslega fyrir innistöðutímabilið, að frádregnum þeim hluta iðgjaldsins sem er fyrir bruna- og þjófnaðaráhættu. Iðgjald fyrir váttryggingu dráttarvéla, snjóbíla, vélsleða, torfærutækja, mótórhjóla og fjórhjóla endurgreiðist þó ekki, enda hefur verið tekið tillit til þess við iðgjaldsákvörðun. Iðgjald fyrir skammtímatryggingu endurgreiðist ekki.

21. gr. Endurgreiðsla iðgjalds - eigandaskipti

- 21.1 Nýti váttryggingartaki eða félagið sér heimildir sínar, skv. þessum skilmála eða lögum nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga, til þess að slíta váttryggingarsamningunum á váttryggingartímabilinu endurgreiðir félagið iðgjald váttryggingarinnar hlutfallslega. Sé iðgjald ákveðið árstíðabundið er heimilt að taka tillit til þess við endurgreiðslu iðgjaldsins, sbr. 2. mgr. 17. gr. laga nr. 30/2004. Greiði félagið bætur fyrir algert tjón ökutækisins lýkur váttryggingunni formlega þegar gengið er frá tjónsuppgjöri. Váttryggingartaki á þá ekki rétt á endurgreiðslu iðgjalds.
- 21.2 Verði eigandaskipti að hinu váttryggða fellur váttrygging þessi niður. Váttryggingin gildir þó í 14 daga fyrir hinn nýja eiganda enda hafi hann ekki keypt aðra váttryggingu.

22. gr. Réttur þriðja manns – Samsömun

- 22.1 Váttrygging þessi er ekki til hagsbóta fyrir veðhafa nema félaginu sé tilkynnt það sérstaklega og það skráð á váttryggingarskírteini. Meðváttryggður getur aldrei eignast meiri réttindi á hendur félaginu heldur en váttryggður.
- 22.2 Félagið getur borið fyrir sig háttsemi manns sem með samþykki váttryggðs er ábyrgur fyrir hinu váttryggða sbr. a-lið 2. mgr. 29. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarstarfsemi.
- 22.3 Sé ökutækið notað í atvinnurekstri getur félagið borið fyrir sig háttsemi starfsmanna váttryggðs sbr. 3. mgr. 29. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga.

23. gr. Vísitala- vextir af tjónskröfum

- 23.1 Iðgjald og fjárhæðir sjálfsábyrgða í þessari váttryggingu fylgja þróun verðlags í landinu og breytast þessar fjárhæðir því samkvæmt vísitölu neysluverðs við hverja endurnýjun þessarar váttryggingar.
- 23.2 Váttryggður á rétt á almennum vöxtum af tjónskröfu sinni þegar liðnir eru tveir mánuðir frá því að tilkynning um váttryggingaratburð var sendur félaginu. Vextir eru þeir sömu og reiknast á almennar skaðabætur skv. lögum nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.

24. gr. Heimili - Varnarþing – Ágreiningur

Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík. Ágreiningi um bótaskyldu má skjóta til Úrskurðarnefndar í váttryggingamálum. Upplýsingar um nefnd þessa og starfsháttu má fá hjá félaginu. Dómsmál sem kunna að rísa vegna þessa váttryggingarsamnings skulu rekin gegn félaginu fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Skilmálar þessir gilda frá 01.08.2018